

STJÓRNARTÍÐINDI B 78 – 2005

16. júní 2005

1315

Nr. 608

REGLUGERÐ

um sameiningu heilbrigðisstofnana.

1. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur ákveðið að sameina eftirtaldar heilbrigðisstofnanir undir nafninu Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins og tekur sameiningin gildi 1. janúar 2006:

Heilsugæslu í Reykjavík.

Heilsuverndarstöðina í Reykjavík.

Heilsugæslu í Kópavogi.

Heilsugæslustöðina Seltjarnarnesi.

Heilsugæslustöðina Mosfellsbæ.

Heilsugæslustöðina Hafnarfirði.

Heilsugæslustöðina Garðabæ.

2. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur ákveðið að sameina St. Jósefsspítala, Hafnarfirði og Sólvang, Hafnarfirði, undir nafninu St. Jósefsspítali, Sólvangur og tekur sameiningin gildi 1. janúar 2006.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. málsl. 2. mgr. 24. gr., sbr. 15. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 16. júní 2005.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

16. júní 2005

Nr. 609

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir Salar Islandica ehf., kt. 550500-3370, Fáskrúðsfirði. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. júlí 2017.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir Silfurstjörnuna hf., kt. 610788-1579, að Núpsmýri og Sigtúnum í Öxarfirði. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. júlí 2017.

Umhverfisstofnun, 16. júní 2005.

Davíð Egilson forstjóri.

*Sigurbjörg Gísladóttir,
forstöðumaður stjórnsýslusviðs.*

AUGLÝSING

um útflutningshlutfall kindakjöts 2005-2006.

1. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur að fengnum tillögum Bændasamtaka Íslands, ákveðið að útflutningshlutfall kindakjöts af fé sem slátrað verður árin 2005-2006, verði sem hér segir:

Dilkakjöt:

<i>Tímabil:</i>	<i>Útflutningshlutfall:</i>
1. júlí 2005 – 4. sept.2005	6%
5. sept. 2005 – 18. sept.2005	12%
19. sept. 2005 – 27. nóv.2005	18%
28. nóv. 2005 –	6%

2. gr.

Fyrir sömu tímabil og um getur í 1. gr. er útflutningshlutfall af kjöti af fullorðnu fé ákveðið 0%.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett í samræmi við reglugerð nr. 524/1998 um útflutning á kindakjöti með síðari breytingum og með heimild í 4. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast gildi 1. júlí 2005. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 545/2004 um útflutningshlutfall kindakjöts.

Landbúnaðarráðuneytinu, 20. júní 2005.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.